

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 13. mars 2024
UST202306-307/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Múlaland - Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 22. júní 2023 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Múlaland. Í greinargerð kemur fram að innan byggingarreitsins skal vera heimilt að byggja eitt frístundahús að hámarki 200 m² og gestahús að hámarki 90 m².

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á skipulagssvæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og hugað sé að vernd þess. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur